

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að sekt stefnda Þorsteins ritstjóra Gíslasonar sé 150 kr., er renni í landssjóð, og afplánist með 40 daga einföldu fangelsi. Svo falli og úr ómerkingarákvæði dómsins ummælin í 26. og 32. tölubl. »Austra« árið 1900. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. desembermánaðar.

Nr. 32/1902:

Réttvísinn

gegn

Anton Jörgen Andersen Krisvig.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkvednum 12. sept. síðastl. var hinn ákærði Anton Jörgen Andersen Krisvig frá Haugesund í Noregi dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkv. 169. gr., 1. lið, og 46. gr. sbr. 47. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan

af málinu og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði 6 kr. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Um afbrot hins ákærða og atvik málsins yfirleitt er það upplýst, sem nú skal greina: Í síðastliðnum júlímánuði var ákærði kolamokari á gufuskipinu »Avance« frá Stavanger, sem þá lá á Seyðisfirði, og var hann ásamt nokkrum öðrum löndum sínum í landi að kvöldi dags 4. júlí; voru þeir fyrst við drykkju á veitingahúsinu, og fóru þaðan seint um kvöldið; fóru þeir þá fyrst út á veitingasölustaðinn Steinholt, vöktu þar upp og keyptu 4 hálfflöskur af öli, sem þeir síðan fóru með; voru þeir þá orðnir tveir einir, ákærði og háseti af skipinu Loch Fyne frá Seyðisfirði, Trygve Hálvorsen að nafni; urðu þeir þá ásáttir um að fara lengra úteftir, til þess að reyna að ná fundi stúlkna, sem þeir höfðu heyrt að héldu þar til. Voru þeir þá báðir nokkuð ölvaðir, ákærði þó minna, og eigi svo, að það bæri verulega a honum. Þegar þeir komu út að svo nefndu Antoníusar-húsi, hittu þeir þar fyrir utan húsið tvær stúlkur, Rannveigu Sigurðardóttur og Hallberu Ottadóttur, sem áttu heima í húsinu, en voru eigi gengnar til svefnis; auk þeirra voru þar til húsa 9 aðrar stúlkur, auk húsbónda og konu hans, og voru þau þá öll farin til svefnis; allar þessar stúlkur höfðu sumarvinnu við fiskverkun hjá verzlun eða útgjörð O. Wathnes erfingja, og bjuggu því svo margar í einu húsi. Skúr var áfastur við

húsið, og var eldhús í honum innar, en gangur fram af og útidyr á, en eigi var innangengt úr skúrnum í húsið; voru stúlkurnar Rannveig og Hallbera við skúrinn og ætluðu að sögn þeirra að fara að læsa honum, þegar Norðmennina bar þar að; en þeir gáfu sig á tal við þær; að visu hefir samtalið gengið stirt, því að stúlkurnar skildu lítt dönsku eða norsku, og Norðmennirnir kunnu ekki íslenzku, en þó fóru þær inn í eldhúsið, skúrinn, með Norðmönnunum, þar sem þeir fengu lánaða kaffibolla til þess að drekka öl úr; vildu þeir gefa stúlkunum öl og smakkaði Hallbera að minsta kosti eitthvað á því. En um viðskifti þeirra og atferli hins ákærða eftir þetta hefir eigi fengist samhljóða skýrsla þeirra, né fullkomlega áreiðanleg vissa um það, hvað ákærði hafi aðhafst.

Skýrsla stúlkunnar Rannveigar Sigurðardóttur er á þá leið, að hún hafi rétt skömmu síðar farið fram úr eldhúsinu og ætlað inn í íbúðarhúsið, en ákærði hafi þá farið á eftir henni, stöðvað sig í ganginum fram af eldhúsinu, lokað báðum ganghurðunum, boðið sér að súpa á öflöskunni sinni og síðan falað sig til holdlegs samræðis, en hún hafi neitað því. Hafi hann þá beitt valdi við sig til þess að fá vilja sínum framgengt, tekið pilsin upp um hana, leitast við að leggja hana ofan á kolakassa, sem var þar í ganginum, hnept frá henni nærbuxum hennar og tekið þær ofan um hana, og hafi hún svo sparkað þeim af sér, er þær flæktust um fætur hennar. og lagt þær á kolakassann, þar sem þær fundust morguninn eft-

ir; hafi kærði hnept buxunum frá sjálfum sér, farið höndum um sig bera að neðan og stympast við sig fram undir hálfan klukku tíma; en loks hafi henni tekist að komast aftur inn í eldhúsið. Það hún þá hina stúlkuna, Hallberu, að fara og kalla á húsbóndann til hjálpar, og fór hún þá út og Halvorsen með henni, en ákærði og Rannveig voru þá enn ein eftir í eldhúsinu. Eftir skýrslu Rannveigar fór ákærði þá aftur að leita á hana með enn meiri frekju en áður, skipaði henni að leggjast niður á gólfid, fletti pilsunum upp um hana og stympaðist við hana og leitadist við að leggja hana ofan á gólfid, en hún varðist eftir mætti; rak hún þá fæturnar í eldavélina og meiddi sig, svo að á þeim sá. Hélt ákærði áfram þessum stympingum við hana þangað til Hallbera kallaði fyrir utan, að nú kæmi Helgi, húsbóndinn; ákærði slepti þá Rannveigu og komst hún út; var hún þá grátbólgin með flakandi hár og dagtreyja hennar flakti frá henni að neðan, og sjálf hafði hún þá orð á því, að hún mundi seint bíða þess bætur, er hún hefði orðið að líða um nóttina.

Hallbera Ottadóttir og Trygve Halvorsen hafa bæði skýrt frá því, að ákærði og Rannveig hafi bæði saman farið út úr eldhúsinu, skömmu eftir að þau öll saman hefðu farið inn í það, og að þau hafi heyrt þrusk og stympingar til þeirra úr ganginum, og hefir Hallbera tekið það fram, að hún hafi haft grun um það, að Rannveig væri nauðulega stödd, eins og hún hefir að orði komist; hún hefir og skýrt frá því, að Rannveig hafi einu

sinni kallað til sín, en þá hafi hún ekki komist fram, því að Halvorsen hafi varnað sér þess, og hefir hann kannast við það. En hann hefir sagt, að sig hafi ekkert grunað í þá átt, að ákærði væri að beita valdi til þess að fá vilja sínum framgengt við Rannveigu.

Hinn kærði hefir stöðuglega og afdráttarlaust neitað því, að hann hafi beitt valdi við Rannveigu til þess að þvinga hana til holdlegs samræðis við sig eða komið ósiðlega fram gagnvart henni; hann kannast að vísu við það, að hann hafi mælst til holdlegra samfara við hana, en hann kveðst hafa gjört það í gamni og mundi hann eigi hafa notað sér samþykki hennar, þó hún hefði veitt það, en það gjörði hún ekki. Hann hefir verið ófáanlegur til að kannast við það, að hann hafi verið einn með Rannveigu í ganginum eða í eldhúsinu, og hefir hann haldið því stöðugt fram, að þau hafi einlægt verið öll 4 saman, þangað til húsbóndinn Helgi kom að. Um þetta atríði hefir þó Helgi þessi borið það, að þegar hann kom þar að, hafi Norðmaðurinn, hinn ákærði, komið út og Rannveig á eftir honum, og hafi hún þá verið grátþrútin í framan og »hárið alt út í loftið«.

Um viðskifti ákærða og Rannveigar hafa ekki fengist frekari skýrslur, og verður þegar þær eru metnar að athuga það, að þau virðast eigi hafa getað vel skilið hvort annað, með því að hann kunnir eigi íslenzku og hún eigi dönsku eða norsku, svo að vel væri, að hann var nokkuð drukkinn, svo að fyrir þá skuld getur minni hans

hafa verið ógleggra en ella, og að framburður hans hefir í einstöku atriðum verið á reiki, og í öðrum atriðum kemur hann í bága við samhljóða skýrslur hinna þriggja.

Þegar nú eru íhuguð atvik þau, sem þannig eru upplýst í málinu, einkanlega, að Rannveig hefir stöðugt haldið því fram, að ákærði hafi beitt valdi og þvingun við sig til þess að nauðga sér til samræðis, að hún kom út frá viðureign þeirra grátþrútin með flakandi hár og föt, að Hallbera og Halvorsen heyrðu hávaðann og stypingarnar til þeirra frammi í ganginum, að Rannveig eftir viðureignina hafði blá fingraför á báðum handleggjum og marbletti á öðrum fæti og var mjög þjökud morguninn eftir, sem læknir hefir vottað, að nærbuxur hennar fundust morguninn eftir úti á kolakassa í ganginum eftir hennar eigin tilvísun, að ákærði hefir kannast við, að hann hafi þetta kvöld farið út á Búdareyri til þess að »hitta stúlkur«, að hann hefir kannast við að hafa frammi í ganginum — »í gamni« reyndar, eftir því sem hann segir — bedið Rannveigu að leyfa sér holdlegt samræði við hana, að framburður hans hefir reynst í sumum atriðum bersýnilega rangur og í öðrum atriðum hvikull, að Rannveig hefir fengið gott orð, og að eigi er nein sennileg ástæða til þess, að hún vilji bera ranga sök á ákærða í þessu efni — þá verður að álíta, að með þessu öllu sé fengin nægileg sönnun gegn neitun ákærða fyrir því, að hann hafi við umrætt tækifæri beitt

valdi við Rannveigu Sigurðardóttur í saurlifnaðar-tilgangi, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, þó að ekki þyki rétt, gegn staðfastlegri neitun hans, að telja at-hæfi hans beint nauðgunar-tilraun til samræðis, og heyrir þetta brot hans, sem kominn er yfir lögdal-ur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað hér á landi, undir 177. gr. sbr. 169. gr. í alm. hegn-ingarlögum, og þykir refsingin fyrir hann, sem var nokkuð drukkinn, er hann framdi brotið, en þó eigi svo, að það geti álitist að eiga að hafa áhrif á sakhæfi hans, hæfilega ákveðin með tilliti til hins langa gæzluvarðs hans og annara atvika í málinu 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað og máls-varnarlaun í héraði samþykkjast, og ber því að staðfesta téðan dóm með áminstri breytingu á refsingunni. Hinn ákærði á eiunig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máls-færslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóm-inn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hef-ir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Auton Jörgen Andersen Krisvig greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun

til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 11/1902:

Gunnar Jónsson
 gegn
 Carl F. Schiöth.

D ó m u r:

Mál þetta er skuldamál, sem kaupmaður Carl F. Schiöth á Eskifirði höfðaði í héraði gegn Gunnari Jónssyni, bónda á Skriðustekk, og var því ráðið til lykta með gestaréttardómi Suður-Múla-sýslu, uppkveðnum 30. nóv. 1901, á þá leið, að Gunnar Jónsson var dæmdur til að greiða Carl F. Schiöth skuld að upphæð 27 kr. 84 a. og málskostnað að upphæð 30 kr. Dómi þessum hefir Gunnar Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags 9. maí 1902, og eru kröfur hans í málinu, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum, en til vara, að dóminum verði breytt eða hrundið þannig, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kær-um og kröfum stefnda, og hann (stefndi) dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi Carl F. Schiöth krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð.